

nemur upphæð þessi £ 6.672.00, sem stefndi greiði stefnanda með 12% ársvöxtum frá 7. nóv. 1974.

Eftir atvikum málsins tel ég rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, G. Albertsson, útflutningsverslun og vörumiðlun, greiði stefnanda, Kristni Einarssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Silvano Burgassi, £ 6.672.00 með 12% ársvöxtum frá 7. nóv. 1974 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 21. desember 1982.

Nr. 225/1980. **Emilie J. Kvaran og Jakob S. Kvaran**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Haraldi Sæmundssyni og**

**Finni Kolbeinssyni**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Lausafjárkaup. Krafa um riftun. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefndu 10. nóvember 1980. Gera þeir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum gert aðallega að greiða áfrýjendum 69.554.82 danskar krónur eða jafnvirði þeirra í íslenskum krónum, en til vara lægri fjárhæð að mati dómsins, auk 4.5% dráttarvaxta frá 21. september 1979 til geriðsludags. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og

fyrir Hæstarétti, en til frádráttar þeim lið komi greiðsla stefndu, samtals 25.168.65 krónur.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Samkvæmt beiðni lögmanns áfrýjenda voru Sverrir Einarsson sakadómari og Jón Aðalsteinn Jónsson orðabókarritstjóri dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur 10. apríl 1981 til þess að skoða og kynna sér ágreining þann, sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, milli málsaðilja og kveða að því búnu á um það, hvort bersýnilegur mismunur væri á hagsmunum þeim, sem stefndu öðluðust samkvæmt samningi þeim, sem þeir töldu, að komist hefði á milli þeirra og Jakobs S. Kvaran, og því endurgjaldi, sem áfrýjendur skyldu fá.

Í matsgerð sinni, sem dagsett er 3. október 1981, segja matsmenn m. a.:

„Við erum þeirrar skoðunar, að ekki sé mjög verulegur munur áhagsmunum þeim, sem Haraldur og Finnur öðluðust samkvæmt umræddum samningi, og endurgjaldi því, sem hjónin áttu að fá. Þó teljum við, að við nákvæma skoðun megi segja, að samningurinn sé í mikilli verðbólgu hagstæðari kaupendum en seljendum.

Við teljum, að heildarverð frímerkjanna, sem óumdeilt er, að Haraldur og Finnur hafi fengið, sé kr. 2.280.000 (gamlar krónur), ef um staðgreiðslu hefði verið að ræða, sem ekki er óalgengt í frímerkjaviðskiptum. Miðað við hin miklu viðskipti er eðlilegt, að hluti af kaupverðinu hafi verið lánaður um einhvern tíma. Ekki er okkur kunnugt um, að gengisþrygging hafi tíðkast í viðskiptum sem þessum.

Við sölu frímerkja í því magni, sem hér um ræðir, vitum við ekki til þess, að nein algild regla gildi um greiðslukjör, ef hluti af seldum merkjum er lánaður. Þó teljum við, að slíkt hljóti að leiða til herra verðs og því herra sem tíminn er lengri.“

Lögmaður áfrýjenda óskaði eftir dómkvaðningu þriggja manna til þess að meta að yfirmati hin sömu atriði og

greinir í fyrri matsbeiðni. Hinn 11. nóvember 1981 voru Georg Ólafsson viðskiptafræðingur, Bolli Davíðsson kaupmaður og Steinþór Ingvarsson kaupmaður dómkvaddir til þessa starfs, en Bolli var síðar leystur frá starfanum og Sveinn Sigurkarlsson dómarafulltrúi dómkvaddur í hans stað.

Í yfirmatsgerðinni, sem tímasett er í ágúst 1982, er verðlistinn Íslensk frímerki 1979 lagður til grundvallar við mat á verðmæti frímerkja þeirra, sem ágreiningslaust er, að stefndu veittu viðtöku úr hendi áfrýjanda Jakobs S. Kvaran. Heildarverð frímerkjanna er samkvæmt þeim lista talið 5.401.660 gamlar krónur, og er það miðað við sölu frímerkjanna í smásölu og söluskattur innifalinn. Þá segir, að algengt sé talið, að innkaupsverð frímerkjaverslana liggi á bilinu 35—60% af verðlistaverði. Enn fremur segir svo í yfirmatsgerðinni: „Erfitt er að setja einn mælikvarða á gæði merkjanna, sem hér eru til umfjöllunar, en almennt verður að telja, að merkin séu í betra meðallagi, og þykir okkur því ekki ósanngjarnt með hliðsjón af framansögðu að meta staðgreiðsluverðmæti þeirra í heild á 50% af verðlistaverði. Að gefnum þessum forsendum um val verðlista og hlutfall innkaupsverðs teljum við, að eðlilegt markaðsverð miðað við staðgreiðslu á þeim frímerkjum, sem Haraldur og Finnur óumdeilanlega fengu afhent, hafi í maí 1979 verið kr. 2.700.830,00.“

Um það, hvers konar greiðslukjör hefðu verið eðlileg í þessum viðskiptum, segir í yfirmatsgerðinni, að ekki sé kunnugt um, að almennar reglur fyrirfinnist um greiðslukjör, heldur séu þau samningsatriði hverju sinni. Hins vegar sé hægt að bera saman það staðgreiðsluvirði, sem komist hafi verið að niðurstöðu um, að hefði verið eðlilegt, og greiðslur þær, sem stefndu telji, að samið hafi verið um. Sá samamburður leiði í ljós, að þær greiðslur feli það í sér, að Jakob S. Kvaran fái í vexti 22.4% árlega þau 5 ár, sem samningurinn nær yfir, miðað við staðgreiðsluverðið 2.700.830 gkr. í maí 1979. Síðan segir á þessa leið í niðurlagi yfirmatsgerðarinnar:

„Með öðrum orðum, ef engin verðbólga væri á samnings-tímabilinu, hefðu árlegir raunvextir verið jákvæðir um

22,4%. Sé hins vegar litið á þróun verðbólgunnar frá því að samningurinn var gerður í maí 1979 og gert ráð fyrir, að hún verði svipuð til loka samningstímabilsins í maí 1984, er ljóst, að vextirnir eru seljanda verulega óhagstæðir. Ef þessar nánast þekktu forsendur um þróun verðbólgunnar á samningstímabilinu eru teknar með, sýnir jafnan okkur, að greiðslukjörin fela í sér 20,4% neikvæða raunvexti á ári. Ef reiknað er áfram miðað við 20,4% neikvæða raunvexti, jafngilda þau greiðslukjör, sem Haraldur og Finnur telja, að samið hafi verið um, að staðgreiðsluvirði frímerkjanna í maí 1979 hafi verið kr. 1.491.855,93 eða kr. 1.208.974,07 lægra en það staðgreiðsluverð, sem við komumst að niðurstöðu um, að eðlilegt væri.

Okkur er ætlað að kveða á um, hvort bersýnilegur munur sé á hagsmunum þeim, sem Haraldur og Finnur annars vegar og Jakob S. Kvaran hins vegar öðluðust samkvæmt þeim samningi, sem hinir fyrr nefndu telja að komist hafi á. Ef einvörðungu er litið á kaupverð frímerkjanna, verður ekki annað séð en að það hafi verið innan eðlilegs ramma. Ef jafnframt er tekið tillit til greiðslukjaranna, sýna þeir útreikningar, sem við höfum gert hér að framan, að samningurinn hefur reynst kaupendum verulega hagstæður. Hafa verður þó í huga, að þessi niðurstaða er byggð á upplýsingum um verðlagshækkanir, sem ekki lágu fyrir við upphaf samningstímabilsins. Viðskipti á fjármagnsmörkuðum á þeim tíma, sem samningurinn komst á, gáfu á hinn bóginn til kynna, að horfur væru á áframhaldandi verðbólguþróun. Af upplýsingum frá viðurkenndum verðbréfasala má draga þá ályktun, að gengi skuldabréfa með þeim kjörum, sem samningurinn felur í sér, hafi í maí 1979 verið um 30% af nafnverði. Samkvæmt því hefði Jakob S. Kvaran fengið um kr. 1.300.000,00 staðgreitt fyrir bréfið, ef hann hefði selt það á þeim tíma. Telja verður, að þessar upplýsingar gefi vísbendingu um, að við samningsgerðina hafi mátt sjá fyrir, að greiðslukjörin yrðu kaupendum hagstæð.“

Lögmaður stefndu sendi lögmanni áfrýjenda með bréfi 22. maí 1981 tékka að fjárhæð 8.389.55 krónur, og hinn 7.

júní sl. tilkynnti hann lögmanninum, að hann hefði hinn 21. maí deponerað 8.389.55 krónum á nafn Jakobs S. Kvaran í Landsbanka Íslands. Lögmaður áfrýjenda hefur lýst yfir því, að hann hafi fengið í hendur greiðslur þessar ásamt greiðslu þeirri, sem innt var af höndum 21. maí 1980, 838.955 gamlar krónur, sem frá er greint í héraðsdómi. Hann kveðst hafa veitt greiðslum þessum viðtöku sem inn-greiðslu stefndu á kröfu áfrýjenda á hendur þeim.

Lögmaður stefndu hefur lýst yfir því, að af þeirra hálfu sé viðurkennt, að þeir hafi átt að greiða Jakob S. Kvaran samtals 4.263.276 gamlar krónur, en ekki 4.194.776 gkr., eins og þeir héldu fram í fyrstu. Greiðslur þær, sem þeir hafa innt af höndum, hafa hins vegar verið miðaðar við lægri fjárhæðina, þannig að nú hafa verið greiddir samtals  $\frac{3}{5}$  af 4.194.776 krónum, en ekki af 4.263.276 krónum. Kveður lögmaðurinn þetta hafa stafað af mistökum sínum.

Stefndu komu að frumkvæði áfrýjanda Jakobs S. Kvaran til fundar við hann hinn 20. maí 1979 til viðræðna um kaup á frímerkjum. Af þeim fundi fóru þeir með allmikið af frímerkjum, sem Jakob hafði skráð á lista, en stefndi Haraldur Sæmundsson kvittað fyrir viðtöku. Á afhendingarseðilinn hefur Haraldur síðan ritað: „Greiðist með 10 ára skuldabréfi, þegar allt er afgreitt. Vextir 26%. Samþ.“ Undir yfirlýsingu þessa skrifaði Jakob S. Kvaran nafn sitt á samrit afhendingarseðilsins. Tveimur dögum síðar komu stefndu á ný á fund Jakobs og veittu viðtöku frímerkjum, sem Jakob gerði skrá yfir. Neðan við hana skrifaði hann síðan: „3 ár vaxtalaust greiðist á 5 árum 26% vextir.“ Undir þetta skrifaði Haraldur: „H. Sæm.“

Um það, hvaða frímerki stefndu fengu í hendur, eru málsaðiljar sammála að öðru leyti en því, að þá greinir á um 100 sett af líknarfrímerkjum, sem eru á reikningi J. S. Kvaran verðlögð á 635.00 danskar krónur. Á síðari afhendingarseðilinn er skráð á þessa leið um merki þessi: „100 sett Líknarm. 49 minus 10+10 Koma með frá Spáni Líknarm. 49 öll.“ Verður ekki af þessu ráðið með vissu, hvort merki þessi hafi verið afhent að nokkru eða öllu leyti.

Af hálfu áfrýjenda er því haldið fram, að enginn samningur hafi komist á milli stefndu og þeirra um kaup á frímerkjunum. Ef talið verði, að einhvers konar samningur hafi verið gerður, sé hann ógildur, þar sem stefndu hafi notað sér ellihrumleika Jakobs S. Kvaran til þess að hafa út úr honum frímerkin og bersýnilegur mismunur sé á sannvirði frímerkjanna og endurgjaldi því, sem stefndu telji, að koma hafa átt fyrir þau. Hefur lögmaður áfrýjenda vitnað um þetta til 7. gr. laga nr. 58/1960 og til 32. gr. laga nr. 7/1936.

Samkvæmt gögnum þeim (afhendingarseðlum), sem áður var lýst, verður að telja sannað, að samningur hafi komist á með stefndu og Jakob S. Kvaran hinn 20. maí 1979 um, að Jakob seldi þeim frímerki gegn greiðslu í skuldabréfi til 10 ára með 26% vöxtum, og að á öðrum fundi þeirra, hinn 22. maí, hafi orðið samkomulag um, að skilmálum þessum yrði breytt á þann veg, að kaupverðið skyldi greitt á 5 árum, vextir skyldu engir í 3 ár, en 26% í 2 ár.

Kaupverð frímerkjanna er ekki tilgreint á afhendingarseðlunum, en málsaðiljar eru sammála um, að fara hafi átt eftir verðskrá Jakobs S. Kvaran og að reikningur Jakobs sé í samræmi við hana. Þar er verð allra frímerkjanna, sem afhent voru og afhenda átti, talið 95.188.10 danskar krónur, en þá var eftir að draga frá nokkurn afslátt. Málsaðilja greinir á um það, hvort kaupverð hafi átt að greiða í dönskum krónum eða íslenskum, en miða verður við það, að skuldabréfið hafi átt að hljóða á greiðslu í íslenskum krónum.

Kaupverð það, sem telja verður, að samið hafi verið um, svo sem að framan greinir, (4.263.276 gkr.) var hærra en verð það, sem yfirmatsmenn telja, að verið hafi hæfilegt staðgreiðsluverð fyrir frímerkin á umræddum tíma, en greiðsluskilmálarnir voru hins vegar slíkir, að viðskiptin hafa verið stefndu hagstæð. Á það er þó að líta, að yfirmatsmenn hafa miðað hæfilegt staðgreiðsluverð við 50% af útsöluverði, eins og það er í verðlista, en geta þess, að innkaupsverð frímerkjaverslana liggi á bilinu 35—60% af verð-

listaverði. Samningur sá, sem hér var um að ræða, fjallaði um mikið af frímerkjum, og var eðlilegt, að það leiddi til lægra heildarverðs eða hagstæðari greiðsluskilmála en ella.

Jakob S. Kvaran hefur um árabíl fengist við frímerkja-verslun. Hann kundi því skil á verðmæti frímerkja, og verður ekki talið, að nein þau atvik hafi verið fyrir hendi, er leiði til ógildingar samningsins eftir 7. gr. laga nr. 58/1960. Í gögnum málsins kemur fram, að Jakob S. Kvaran hafi verið allmjög aftur farið á þeim tíma, er hér skiptir máli, en hann var þá 82 ára að aldri. Í vottorði Kristins Björnssonar sálfræðsings kemur fram, að Jakob sé mistækur, geti aðra stundina leyst verkefni dável, en ráði ekki við að lítilli stund liðinni. Stefndu hefur að vísu verið ljóst, að um aldurhninginn mann var að ræða, en ekki verður talið, að þeir hafi haft ástæðu til að ætla, að hann væri ekki fær um að taka ákvarðanir í viðskiptum þeirra. Þeim var kunnugt um, að Jakob hafði fengist og fékkst enn við frímerkjavíðskipti, og eins og áður segir, átti Jakob frumkvæði að fundum þeirra. Verður ekki, eins og hér stendur á, talið óheiðarlegt af stefndu að bera samninginn fyrir sig, og leiðir 32. gr. laga nr. 7/1936 þannig ekki til þess, að samningurinn verði talinn ógildur. Krafa áfrýjenda í þessu máli er um bætur fyrir frímerki, sem þeir telja, að höfð hafi verið af þeim með ólögmætum hætti. Ber samkvæmt framansögðu að sýkna stefndu af þeirri kröfu. Eins og í héraðsdómi segir, er krafa um efndir á samningi Jakobs S. Kvaran og stefndu ekki til úrlausnar í máli þessu. Ber samkvæmt þessu að staðfesta niðurstöður hins áfrýjaða dóms.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

## S é r a t k v æ ð i

## Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Svo sem greinir í dómsatkvæði meiri hluta dómenda í þessu máli, telja yfirmatsmenn rétt staðgreiðsluverð frímerkjanna á þeim tíma, sem viðskiptin voru gerð, hafa verið gkr. 2.700.830, eða helmingur af heildarverði samkvæmt verðskrá (Íslensk frímerki 1979).

Kaupverð það, sem samið var um, gkr. 4.263.276, var að vísu hærra en verð það, sem yfirmatsmenn telja, að verið hafi hæfilegt staðgreiðsluverð á umræddum tíma, en þó alllangt fyrir neðan verðlistaverð. Greiðsluskilmálar voru hins vegar slíkir, að viðskiptin hafa verið stefndu mjög hagstæð. Eins og fram kemur í yfirmatsgerðinni, mundi skuldabréf þeirrar fjárhæðar, sem að ofan greinir, gkr. 4.263.236 og með þeim lánstíma og vaxtakjörum, sem telja verður hafa verið samið um, hafa verið að staðgreiðsluverðmæti um 30% nafnverðs, eða innan við gkr. 1.300.000. Hefur því raunveruleg greiðsla samkvæmt samkomulaginu ekki verið nema tæpur helmingur af eðlilegu verði frímerkjanna svo sem það er metið af yfirmatsmönnum. (47.35%). Af gögnum, sem rakin eru í hinum áfrýjaða dómi, kemur fram, að Jakob S. Kvaran var á 83. aldursári, er hin umdeildu viðskipti áttu sér stað, að honum var mjög tekið að förlast, að hann og kona hans búa að mestu á Spáni, en hafa dvalið á Íslandi um sumartímamann á öðru heimili þeirra að Sólheimum 23 í Reykjavík, að Jakob S. Kvaran hefði reynt að selja öðrum frímerki miðað við verð og greiðslu í dönskum krónum og einnig krafist slíkra kjara í samningsumleitunum við stefndu, en ekki gengið saman. Samningaumleitunir enda síðan með samningi þeim, sem á komst, þar sem nafnfjárhæð söluverðs er viðunanleg eða seljanda frekar hagstæð, ef um staðgreiðslu hefði verið að ræða, en samkvæmt yfirmatsgerðinni innan við hálfvirði, ef reiknað er til staðgreiðsluverðs. Hinn reyndi frímerkjakaupmaður virðist sökum sérþekkingar og langrar reynslu geta samið um verð í krónum talið, en þekkingarleysi á landshögum vegna fjarvista frá Íslandi, samfara

Þverrandi heilsu og kröftum, virðist hafa skert dómgreind hans að því er varðar fjármunagæslu og verðbrefaviðskipti. Telja verður, að stefndu hafi gert sér þetta ljóst, einkum þegar litið er til þess, að greiðsluskilmálar þeir, sem áfrýjandi Jakob S. Kvaran gekk að, verða að teljast óeðlilegir. Þykja stefndu ekki geta borið samning þennan fyrir sig af ástæðum þeim, sem greinir í 32. gr. laga nr. 7/1936, og ber að telja hann ógildan.

Áfrýjendur eiga samkvæmt þessu rétt á bótum úr hendi stefndu. Krafa áfrýjenda, sem miðuð er við staðgreiðsluverð samkvæmt verðskrá Jakobs S. Kvaran, verður ekki tekin til greina, enda verð, sem þar er skráð, mun herra en eðlilegt staðgreiðsluverð milli frímerkjasala er metið á umræddum tíma. Þykja bætur til áfrýjenda hæfilega ákveðnar 27.008.30 krónur, þ. e. eðlilegt staðgreiðsluverð frímerkjanna, eins og það hefur verið metið á þeim tíma, er viðskiptin fóru fram, og vextir frá 21. september 1979 til greiðsludags. Í dómi er því lýst, að stefndu hafi þrisvar innt af höndum greiðslur til áfrýjenda, samtals 25.168.65 krónur. Eftirstöðvar af höfuðstól kröfunnar eru því 1.839.65 krónur, og ber að dæma stefndu in solidum til þess að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum af 27.008.30 krónum frá 21. september 1979 til 21. maí 1980, af 18.618.75 frá þeim tíma til 22. maí 1981, af 10.229.20 krónum frá þeim tíma til 21. maí 1982 og af 1.839.65 krónum frá þeim tíma til greiðsludags. Vextir verða ákveðnir samkvæmt 1. gr. laga nr. 56/1979.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefndu in solidum til þess að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn samtals 27.000.00 krónur, þar með talinn hæfilegur kostnaður við mat og yfirmat, 12.000.00 krónur.

#### **Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 23. október 1980.**

Mál þetta, sem dómtekið var þann 23. október sl. (sic), hafa hjónin Emilie J. Kvaran og Jakob S. Kvaran, Sólheimum 23, Reykjavík, höfðaði fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, framlagðri í dómi 21. september 1979, á hendur Haraldi

Sæmundssyni frímerkjakaupmanni, Fljótaseli 5, Reykjavík, og Finni Kolbeinssyni lyfjafraeðingi, Fljótaseli 3 í Reykjavík.

Fyrir dóminum gera stefnendur þær dómkröfur aðallega, að stefndu verði dæmt skylt að viðlagðri aðför að skila þeim því magni frímerkja, að fjárhæð danskar krónur 69.554.82, sem þeir hafi veitt viðtöku úr hendi stefnanda Jakobs á heimili hans í maímánuði 1979, en til vara verði stefndu gert að staðgreiða stefnendum andvirði þeirra frímerkja, sem ekki fáist með þessum hætti, samtals að nefndri fjárhæð, auk dráttarvaxta, 4.5% á mánuði frá þingfestingardegi til greiðsludags, og til greiðslu málskostnaður að mati dómsins (sic). Kröfuna segjast stefnendur gera in solidum á hendur stefndu, og í stefnu er talið upp, hvaða frímerki hér sé um að ræða.

Af hálfu stefndu hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af aðal- og varakröfu stefnenda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi þeirra.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að Jakob S. Kvaran, annar stefnenda, hefur um margra ára skeið stundað frímerkjavíðskipti. Í bréfi, sem fram hefur verið lagt sem dskj. nr. 6, segir kona hans, að reyndar standi þau bæði að frímerkjaversluninni og reki í því skyni óskráð fyrirtæki, J. S. Kvaran. Þau hjónin búa að mestu suður á Spáni, en dvelja hér gjarnan um sumartímamann á öðru heimili þeirra að Sólheimum 2 í Reykjavík. Þá er tilefni máls þessa varð, var Jakob á áttugasta og þriðja aldursári, og er því haldið fram, að heilsu hans hafi mjög hrakað síðasta misserið þá á undan. Kona hans heldur því fram í áðurnefndu bréfi, að þau séu sameigendur að fyrirtækinu.

Vitnið Reynir Ástþórsson sagði hér fyrir dómi 18. mars 1980, að Jakob S. Kvaran hefði sjálfur gert það opinbert í auglýsingu í dagblöðunum í Reykjavík, að vegna hins háa aldurs síns vildi hann selja frímerkjasafn sitt. Vorið 1979, eftir að Jakob S. Kvaran og Emilie J. Kvaran komu hingað frá Spáni, mun Jakob hafa átt viðræður við nokkra menn vegna frímerkjavíðskipta. Reynir Ástþórsson segir í áður tilvitnaðri yfirheyrslu, að hann hafi átt viðræður við hann meðal annarra, en ekki hafi gengið saman með þeim, þar sem hann, vitnið, vildi ekki sætta sig við gengistryggingu í lánsvíðskiptum. Vitninu var jafnframt kunnugt, að viðræður höfðu staðið á milli Jakobs og Sigurðar Þormar, sem strandað hefðu af sömu orsökum.

Í maí 1979 hefur Jakob samband við stefndu í máli þessu, Har-

ald Sæmundsson og Finn Kolbeinsson, og býður þeim viðskipti um frímerki. Þannig stóð á hjá Haraldi og Finni, að einn félagi þeirra hafði gengið úr fyrirtækinu Frímerkjamíðstöðinni s/f og fengið greidda eign sína í fyrirtækinu að hluta til með frímerkjum. Af þessum orsökum segjast þeir hafa verið fúsir til viðskipta við Jakob. Þeir höfðu áður átt við hann viðskipti.

Í skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins, sem lögð hefur verið fram í málinu og tekin er í tilefni kæru stefnenda vegna viðskipta, sem svo urðu á milli aðilja, segjast stefndu þann 20. maí 1979 hafa farið á heimili J. S. Kvaran til að ræða við hann um viðskipti. Þau hafi þá bæði tekið á móti þeim, J. S. Kvaran og frú. Þeir hafi síðan farið með J. S. Kvaran inn á skrifstofu hans, en frúin hafi farið út af skrifstofunni, áður en gengið var að viðskiptum, eins og ávallt, er þeir hafi haft viðskipti við Kvaran. Frúin hafi aldrei viljað vera viðstödd viðskiptin, heldur látið bónda sinn algerlega um þau. Þeir hafi strax hafið viðræður við Jakob um frímerkja-kaupin. Árangur þeirra viðræðna hafi orðið sá, að þeir hafi orðið sammála um kaup á ótilgreindum frímerkjum samkvæmt verðskrá J. S. Kvaran og afsláttarkjörum. J. S. Kvaran verslar samkvæmt sinni eigin verðskrá. Þeir segja, að heildarupphæð kaupanna hafi ekki átt að fara yfir íslenskar krónur 6.000.000 og kaupverðið hafi allt átt að greiða með skuldabréfi til 10 ára með 26% vöxtum og hafi fyrsti gjalddagi verið ákveðinn 20. maí 1980. Þó hafi sá fyrirvari verið settur, að öll frímerkin, sem þeir keyptu, yrðu þá afgreidd. Strax hafi komið í ljós, að ekki var mögulegt að afgreiða hluta frímerkanna, þar sem nokkuð af þeim var geymt á Spáni samkvæmt byrgðaskrá, er hann sýndi þeim. Þegar hér var komið sögu, hafi þeir byrjað að velja sér frímerki af byrgðum J. S. Kvaran og hafi hann jafnóðum skrifað niður það, er þeir tóku. Þeir tóku síðan með sér frímerkin, sem afgreidd voru þarna á staðnum, og kvittuðu fyrir móttökunni. Segja þeir J. S. Kvaran hafa undirritað afrit af afgreiðsluseðlinum og fengið þeim, en hann hafi haldið eftir frumritinu.

Næst hafi þeir heimsótt J. S. Kvaran þann 22. maí og eins og áður hafi bæði hjónin verið heima. Frúin hafi ekki haft afskipti af viðskiptum þessum frekar en áður og viðskiptin hafi farið fram sem fyrr. Kvaran hafi skrifað niður það, er þeir fengu afgreitt, en hann hafi ekki látið þá kvitta fyrir því, er þeir fengu í síðara skiptið. Þegar hér var komið sögu, hafi þeir verið búnir að fá í hendur öll þau frímerki, sem þeir vildu kaupa, að undanskildum: 800 settum, svanir 1956 (þannig), 100 settum líknarmerki 1949,

þ. e. a. s. af þeim settum hafi Kvaran aðeins afgreitt 4/5, en þá hafi vantað 100 sett og 525 x 25 ónotuð, sem hann hafi þurft tíma til að afgreiða. Í þetta sinn hafi J. S. Kvaran farið þess á leit við þá, að þeir breyttu áður gerðum samningi, þ. e. að í stað skuldabréfs til 10 ára með 26% ársvöxtum kæmi skuldabréf til þriggja ára, vaxtalaust. Síðan hafi náðst samkomulag við J. S. Kvaran um greiðslu frímerkjanna með skuldabréfi til 5 ára, vaxtalausú fyrstu 3 árin, en með 26% ársvöxtum tvö þau síðustu.

Þann 5. júní hafi J. S. Kvaran síðan hringt til þeirra og sagst vera tilbúinn með afgreiðslu á 525 x 25 frímerkjum og væri nú tilbúinn að ljúka viðskiptunum, þ. e. að nú væri allt afgreitt nema það, sem afgreiða ætti frá Spáni (1000 svanir). Þeir hafi því farið til J. S. Kvaran á heimili hans og allt hafi verið sem áður. Hjónin hafi bæði verið heima, þegar þeir komu, en frúin ekki skipt sér af viðskiptunum frekar en áður. J. S. Kvaran hafi nú sett fram óvænta og óskiljanlega kröfu, þ. e. að hann hafi viljað fá þá til að fallast á, að allt lánið skyldi vera gengistryggt og hver afborgun reiknuð á gildandi gengi danskrar krónu. Þeir hafi vísað þessari kröfu algerlega á bug og krafist þess, að J. S. Kvaran stæði við sinn hluta samningsins. Fóru þeir við svo búíð.

Af hálfu stefnenda hafa verið lögð fram samheft tvö blöð, sem svara til viðskiptafunda aðilja, sem stefndu halda fram, að hafi átt sér stað 20. maí og 22. maí 1979. Það athugast, að í greinargerð stefnenda er því ranglega haldið fram, að dómskjál þetta, sem er dómskjáll nr. 11, sé ljósrít af bréfmíðum, sem Haraldur Sæmundsson hafi afhent rannsóknarlögreglu ríkisins. Hér er um frumrít að ræða. Ljósrít það, sem til er vitnað í greinarðgerð stefnenda og í framburði Haralds Sæmundssonar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og þar talið með áritun Jakobs S. Kvaran, hefur hins vegar ekki verið lagt fram. Þá hefur verið lagður fram sem dómskjál nr. 8 reikningur J. S. Kvaran yfir viðskipti þessi öll. Reikningur þessi er dagsettur 20. maí 1979 og stílaður á Frímerkjamíðstöðina s/f, sem er fyrirtæki í eigu stefndu. Þessi sami reikningur eða ljósrít hans er lagt fram á dskj. nr. 12. Á það dskj. eru ritaðar athugasemdir Finns Kolbeinssonar. Reikningurinn sjálfur er í dönskum krónum, en athugasemdir Finns hljóða upp á útreikning í íslenskum krónum miðað við gengistöflu nr. 92 frá 18. maí 1979. Þar í athugasemdunum eru jafnframt dregin frá ógreidd frímerki. Reikningurinn ber með sér, að hann stafar frá Jakob S. Kvaran, og hefur hann viðurkennt fyrir dóminum, að svo sé. Reikningurinn ásamt athugasemdunum hljóðar svo:

1933

„Frímerkjamiðstöðin, sf.,  
Skólavörðustíg 21 a,  
Reykjavík

Reikningur:

250 sett Evrópa .....	1972	21.00	525.00
372 — Evrópa .....	1967	37.00	1.376.40
200 — Evrópa .....	1971	22.00	440.00
450 — Evrópa .....	1970	47.00	2.115.00
580 — Evrópa .....	1969	40.00	2.320.00
850 — Evrópa .....	1968	32.00	2.720.00
600 — Evrópa .....	1965	29.85	1.791.00
100 — Evrópa .....	1966	36.00	360.00
100 — Náttúruv. ....	1970	15.00	150.00
500 — Svanir .....	1956	1.790.00	8.950.00
75 — Háskóli .....	1938	690.00	5.175.00
500 — Reykjavík .....	1961	29.50	1.475.00
500 — Sæsíminn .....	1962	37.00	1.850.00
420 — Lýðveldið .....	1969	185.00	7.770.00
400 — Hungur .....	1963	36.00	1.440.00
1300 — Flóttaf. ....	1971	12.90	1.677.00
500 — Íþróttir .....	1957	29.00	1.450.00
100 stk. 10 kr. Þorf. gróft			3.800.00
200 sett Jón Sig. ....	1961	29.50	590.00
1150 — Stjórnarr. ....	1958	47.00	5.405.00
400 — Atv. Bygg. ....	1962	298.00	1.192.00
200 — Háskólinn .....	1961	49.00	980.00
500 — Islandia .....	1973	255.00	1.275.00
500 — Landslag .....	1966	44.00	2.200.00
200 stk. Gullfoss .....	1964	48.00	960.00
45 — Himbrimi .....	1967	85.00	382.50
200 sett Bókmenntafélag	1966	24.00	480.00
20 stk. 1 kr. Zeppelin ..	1931	440.00	880.00
50 — 15 aur. 2 kóngar,þj.		65.00	325.00
35 — 50 aur. Michel 72		200.00	700.00
30 — 2 kr. Michel 74			1.770.00
525 x 25 tegundir, ónot á		690.00	3.622.50
100 sett líknarmerki ....	1949		635.00
150 — Evrópa .....	1966	360.00	540.00
500 — Jón Arason .....		720.00	3.600.00
1000 stk. 15 kr. Náttúruvernd			1.225.00
54 sett af 25 aur. og 5 kr. Lax		58.00	313.20

## 1934

350 sett Hestur 1958, — 10,2.25	155.00	542.50	
100 — Evrópa .....	1965	298.50	
300 — Evrópa .....	1963	23.00	690.00
300 — Flug .....	1947	78.00	2.340.00
300 — Flug .....	1959	26.50	795.00
1000 — Svanir .....	1956	1.790.00	17.900.00 afgr. frá
25 stk. Lýðv. 20 ára ...	65.00	162.50	Spáni
		95.188.10	
20% af 700.00 Michel nr. 72			140.00
10% af 6.450.00			645.00
5% 88.038.10			4.401.90
Skuld	Danskar kr.		90.001.20
		95.188.10	95.188.10
Sbr. gengistöflu Nr. 92/18. maí			
Dk. 90.001.20 x 61.83 = Ísl. kr.		5.564.774	
Frá dragast á reikningi			
óafgreidd frímerki (÷ hér að ofan)			
Dkr. 22.157.50 x 61.83 = Ísl. kr.		1.369.998	
Afgreitt hefur verið fyrir ísl. kr.		4.194.776“	

Við munnlegan flutning málsins kom fram leiðrétting á útreikningum stefndu á þessu dskj. Leiðréttingin lítur að því, að frá upphæðinni vegna óafgreiddra frímerkja er dreginn 5% afsláttur, danskar kr. 1.107.88, þannig að óafgreitt er skv. þessum útreikningi fyrir íslenskar krónur 1.301.498 á gengi 18. maí 1979. Stefndu telja þannig, að stefnandi Jakob hafi afgreitt frímerki til þeirra fyrir íslenskar krónur 4.263.276. Af þeirri upphæð hafi þeir greitt, sbr. dskj. nr. 34, íslenskar krónur 838.955 þann 22. maí 1980. Lögmaður stefnenda hefur tekið við þessari upphæð með þeim fyrirvara, að hann haldi fast við allar kröfur sínar í dómsmálinu. Hann hefur ekki lækkað kröfu sína af því, er nemur þessari upphæð. Eftir leiðréttingu stefndu er tölulegur ágreiningur aðilja sá, sbr. bókun í þinghaldi 23. sept. sl., að stefnandi telur sig hafa afhent stefndu svokölluð líknarmerki fyrir danskar krónur 635.00, en stefndu viðurkenna ekki að hafa mótttekið þau merki. Upphæðin danskar krónur 635.00 er án afsláttar.

Þann 11. júní 1979 snúa þau hjónin Emilie J. Kvaran og Jakob S. Kvaran sér til Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns og fara

fram á, að hann geri viðeigandi ráðstafanir til að endurheimta frímerkin úr höndum stefndu, að minnsta kosti sé þeim gert að greiða upp verð þeirra að fullu í gjaldgengri mynt þegar í stað, vilji þeir herma þessi viðskipti upp á stefnendur.

Þann 13. júní 1979 sendir Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður rannsóknarlögreglu ríkisins mál þetta. Hafði hann áður snúið sér til Haralds Sæmundssonar og fengið skýr svör um það, að hann mundi ekki afhenda frímerkin aftur. Í bréfinu heldur hæstaréttarlögmaðurinn því fram, að með hliðsjón af aldri og heilsufarsástandi Jakobs S. Kvaran sé með öllu ótækt og brot gegn velsæmi og lagareglum, að viðtakendur haldi frímerkjunum. Vísar hann í þessu sambandi til 7. gr. laga nr. 58/1960 og III. kafla laga nr. 7/1936. Í bréfinu segist hann vænta þess, að málið verði þegar tekið fyrir og lagt verði hald á afhent frímerki, áður en kaupendurnir láti þau af hendi til þriðja manns. Málið var síðan rannsakað af rannsóknarlögreglu ríkisins, og komu aðiljar þar fyrir til skýrslugjafar. Málið var síðan sent ríkissaksóknara til umfjöllunar, en hann taldi ekki frekari aðgerða þörf. Í framhaldi af því er mál þetta höfðað. Fram er komið, að stefndu hafa þegar selt verulegan hluta frímerkjanna.

Hér fyrir dóminum byggja stefnendur á því, að stefndu hafi notfært sér með ólögmatum hætti heilsufarsbágindi Jakobs S. Kvaran til að komast yfir frímerkin, svo að bersýnilegur mismunur sé á verðmæti frímerkjanna og endurgjaldi því, sem fyrir átti að koma skv. þeirra eigin frásögn. Þá sé þessi afhendingargerningur einnig með öllu ógildur, þó svo verði talið, að gerður hafi verið gildur löggerningur undir eðlilegum kringumstæðum, þar sem óheiðarlegt og ólöglegt hafi verið af stefndu að notfæra sér gerninginn. Í þessu sambandi er vitnað til laga nr. 58/1960, 7. gr., og laga nr. 7/1936, 32. gr., svo og 253. gr. laga nr. 19/1940. Til styrktar fullyrðingum sínum um heilsufarsástand Jakobs S. Kvaran er af hálfu stefnenda lagt fram vottorð Jóns Gunnlaugssonar læknis, dags. 11. júní 1979, þar sem það er vottað, að Jakob hafi verið heilsuveill frá unga aldri, hann hafi fengið berkla sem ungur maður og síðan asma. Síðustu árin hafi borið á æðakölkun, sem komið hafi fram sem vægur hjartasjúkdómur og minnisleysi, og hafi minnisleysið mjög mikið aukist veturinn næstan áður en vottorðið er gefið. Þá hafa stefnendur lagt fram vottorð Kristins Björnssonar sálfræðings, dags. 6. júlí 1979. Í vottorðinu kemur fram, að sálfræðingurinn hefur athugað Jakob S. Kvaran að ósk hans sjálfs. Segir í vottorðinu, að við könnun á hæfileikum

og sálrænum þáttum komi í ljós, að afturför sé mikil vegna aldurs, töluvert meiri en venjulegt sé miðað við aldur. Einkum sé það minni og geta til að draga ályktanir, sem skert sé. Þetta sé mest áberandi, ef tími umhugsunar sé takmarkaður. Maðurinn sé mjög mistækur, geti aðra stundina leyst verkefni dável, en ráði svo ekki við það sama að lítilli stundu liðinni. Hann finni þetta og geri það hann óruggan í ályktunum sínum og gerðum. Þetta séu alkunnar afleiðingar skertrar heilastarfsemi við aldurshnignun. Í lokaniðurstöðu segir sálfræðingurinn, að með tilliti til alls þessa megi telja, að Jakob sé ekki fær um að taka mikilvægar viðskipta-  
legar ákvarðanir óstuddur eða á eigin ábyrgð.

Þá hafa verið lögð fram ýmis vottorð af hálfu stefnenda frá kunningjum þeirra hjóna, sem hníga í þá átt, að minni Jakobs sé mjög skert frá því, er áður var. Vottorð þessi hafa verið staðfest fyrir dómi, og jafnframt hefur Kristinn Björnsson sálfræðingur komið fyrir dóm og staðfest vottorð sitt. Þá kom fram, að Kristinn hafði ekki þekkt Jakob, áður en hann gerði athuganir á hæfileikum hans. Þau hjónin Emilie J. Kvaran og Jakob S. Kvaran hafa bæði komið fyrir dóminn. Jakob var sýnt dskj. nr. 11, og sagði hann, að sér fyndist það vel geta verið sín skrift, sem þar er ritað með rauðu. Honum var jafnframt sýnt dskj. nr. 12, og kannaðist hann við, að reikningurinn stafaði frá sér. Hann sagði reikninginn vera miðaðan við verðskrá sína. Síðan gefi hann vissan afslátt frá sínu verði. Hann kvaðst selja með sínu heildsöluverði. Hann hafi margs konar verð, eftir því hve mikið sé keypt í einu. Hann gefi þeim afslátt, sem mikið kaupa, en ekki þeim, er kaupa lítið. Smásöluverð hafi hann ekkert, hann selji allt í heildsölu. Hann sagði það vera mikinn afslátt, sem hann hefði gefið þeim Haraldi og Finni, og þeir hefðu getað lagt eitt-hvað á frímerkin og haft ágætan gróða af. Hann kvaðst aldrei hafa samþykkt greiðslufrest til 10 ára. Haraldur hafi viljað þvinga hann til að gera það. Þá kvaðst hann aldrei hafa samþykkt vaxtalaugar greiðslur fyrstu þrjú árin, heldur 26% ársvexti fyrstu tvö árin og vaxtalaugar greiðslur síðan þrjú ár. Eiginlega hafi aldrei komist á samningur, þar sem ekki hafi verið hægt að semja við Harald. Hann sagði það hafa verið ætlun sína að semja á þeim grunni, sem hér er rakinn. Hefði hann hins vegar samþykkt það, er Haraldur segi, hefði hann enga vexti fengið, því vextir á síðustu greiðslur séu engir. Vextirnir eigi að vera á fyrstu árunum, meðan upphæðin sé óskert. Hann var að því spurður, hvers vegna slitnað hafi upp úr samningaviðræðum þeirra, eins og hann

heldur fram. Hann sagði, að ekki hefði verið hægt að semja við Harald. Hann kvaðst ekki muna, um hvað þeir deildu. Þá var hann að því spurður, hvort það hefði hugsanlega verið út af gengismálum, sem að þeir hafi deilt, og svaraði hann þá: „Gengistryggingu eða svoleiðis?“ Hann var spurður að því, hvort kona hans hefði verið viðstödd viðskiptin, og svaraði hann því neitandi. Hann var spurður um, hvað stefndu komu oft til hans, og taldi hann það hafa verið tvisvar sinnum og að kona hans hefði verið í hvorugt skiptið viðstödd. Hann var að því spurður, hvort hann hefði mótmælt því, að þeir færu með frímerkin. Hann kvaðst ekki muna það, en hann myndi eftir því, að þeir hefðu farið með frumrit og eftirrit og hann hefði ekkert haft yfir þessi viðskipti í langan tíma og ekkert vitað í raun og veru, hvað þeir fóru með. Hann var að því spurður, hvort hann hefði haft viðskipti við stefndu áður, og svaraði hann því játandi. Þá var hann að því spurður, hvort þau viðskipti hefðu verið miðuð við gengi þess dags, sem samningurinn var gerður, eða þess dags, sem greiða átti skuldina. Hann sagði það hafa verið smáupphæðir, sem hann hefði lánað þeim, en það hefði verið umreiknað af honum frá hans lista á gengi því, sem gildi, þegar hann lét þá hafa frímerkin. Hann var að því spurður, hvort þau viðskipti, sem hann hafi átt hér á landi, væru lánsviðskipti, og svaraði hann því játandi. Hann var að því spurður, hvort þau viðskipti hefðu verið miðuð við gengi, þegar greiða átti, og svaraði hann því játandi og taldi, að ekk væri hægt að selja öðruvísi. Þá var hann spurður, hvort að ekki hefði verið miðað við gengi þess dags, sem samningurinn var gerður. Mátti á honum skiljast, að svo gæti hafa verið, ef greiða átti eftir eina eða tvær vikur. Hann vildi ekki gefa upp, hverjir hefðu verið viðskiptavinir hans héraðs. Taldi sig leggja aðaláherslu á að selja til útlanda, því að hann þurfi á erlendum gjaldreyri að halda. Hann taldi minnisleysi sitt hafa ágerst hin síðari ár og að hann þyrfti alltaf meiri og meiri hjálp frá konu sinni við einfalda hluti. Hann var að því spurður, hvort hún hjálpaði honum í þessum viðskiptum yfirleitt. Hann sagði hana hjálpa sér oft við útreikninga. Hann var að því spurður, hvort hún væri yfirleitt viðstödd samninga. Hann svaraði, að það gerði hún, þegar hann bæði hana um, en ekki endilega annars.

Emilie Kvaran sagði fyrir dóminum, að yfirleitt væri hún ekki viðstödd viðskipti manns síns, en taldi, að í það sinn, er hér um ræðir, hefði það verið nauðsynlegt. Sagði hún, að þegar Haraldur og Finnur voru farnir frá Jakob, hefði hún ekki fundið neitt yfir

þau frímerki, er þeir tóku. Hún hefði hringt í Harald og hann sagt yfirlit yfir þau væru í vörslum Jakobs. Hún hefði leitað og ekki fundið. Þau hefðu að lokum fengið yfirlitið um viðskiptin hjá Haraldi. Hún sagði þau hjónin ekki geta gert sér grein fyrir því, hvort yfirlitið væri rétt.

Stefndu hafa haldið því fram bæði fyrir rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómnum, að þá er þeir ræddu við Jakob S. Kvaran um viðskipti þau, er málið snýst um, hafi þeir ekki á nokkurn hátt merkt, að andlegt og líkamlegt ástand hans væri verra en áður. Auk þess sem hann hafi haft orð á því að fyrra bragði, að hann væri betri til heilsunnar en haustið áður, þá er hann hélt héðan til Spánar, og hafi fengið verulegan bata, sem hann tilgreindi ekki nánar. Stefndu halda fram, að þeir hafi samþykkt að greiða þá upphæð fyrir merkin, sem reikningurinn á dskj. nr. 12 greinir frá, upphæðina hafi átt að greiða með skuldabréfi, sem greiða átti á 5 árum, hafi fyrstu 3 árin átt að vera vaxtalaus, en síðan hafi átt að greiða 26% ársvexti af því, er eftir var síðustu tvö árin. Þeir halda því fram, að viðskipti þessi hafi í alla staði verið eðlileg. Þeir hafi vitað, að J. S. Kvaran hefði selt innlendum aðiljum merki og fengið greitt fyrir með skuldabréfum. Þess vegna hafi þeir ætlað að kaupa af honum merki fyrir um það bil kr. 6.000.000, næðist samkomulag um greiðslukjör, kjörin væru forsenda viðskipta sem þessara. Þegar viðskipti af þessari stærðargráðu séu gerð, leiði það af sjálfu sér, að greiðlan verði að skiptast á nokkur ár. Þeir halda fram, að samkomulag hafi orðið og munnlegur samningur gerður milli þeirra og Jakobs, áður en hann hóf að afhenda frímerkin. Samningur þessi hafi hljóðað um greiðslu kaupverðsins með skuldabréfi til 10 ára og vexti 26% á ári, sem greiðast skyldu eftir á á sömu gjalddögum og afborganirnar, fyrst 20. maí 1980. Bréfið skyldi þá fyrst afhent, þegar öll merkin væru afhent. Þessi greiðslukjör hafi J. S. Kvaran samþykkt á ljósriti dskj. 11. Þeir hafi síðan fallist á að breyta samningnum, þannig að verðið yrði greitt með 5 ára skuldabréfi vaxtalausum í fyrstu, en síðan með 26% ársvöxtum seinustu tvö árin. Á síðasta fundi þeirra hafi J. S. Kvaran sett fram nýja kröfu þess efnis, að lánsviðskiptin færu fram í dönskum krónum, þannig að allt kaupverðið yrði gengistryggt. Á þetta hafi þeir ekki getað fallist og hefðu krafist þess, að Kvaran stæði við samninginn og afhenti þeim merki þau, sem hann átti eftir að afhenda. Þeir segjast ekki hafa farið með nein merki af síðasta fundi þeirra. Þeir segja sýknukröfu sína byggða á því, að aðiljar hafi gert með

sér samning um ákveðin greiðslukjör. Sá samningur sé bindandi fyrir báða aðilja og sé ekki haldinn neinum þeim ágöllum, að hann sé ógildanlegur með vísan til lagareglu um misbeitingu. Hér sé um venjulegan samning að ræða miðað við umfang viðskiptanna, samning sem J. S. Kvaran hafi fulla yfirsýn yfir og langan tíma til þess að íhuga, þ. e. a. s. á milli heimsókna. Þeir mótmæla, að J. S. Kvaran hafi haft, þá er samningurinn var gerður, svo skert líkams- og sálarþrek, að hann hafi ekki haft dómgreind til að gera samning þennan. Þeir segjast að sjálfsögðu vera tilbúnir til þess að uppfylla sinn hluta samningsins með útgáfu veðtryggðra skuldabréfa, en þar sem engin krafa stefnanda lúti að því, krefjast þeir alfarið sýknu. Þeir mótmæla því, að varakrafa sé gerð í dönskum krónum, þar sem hér sé um að ræða viðskipti milli innlendra aðilja og slík verðtrygging sé óheimil.

#### Álit dómsins.

Aðild Emilie J. Kvaran sem sameiganda að óskráðu fyrirtæki þeirra hjóna er ekki mótmælt.

Frímerkjamiðstöðin s/f er sameignarfyrirtæki stefndu.

Aðiljar eru sammála um, að reikningur, sem kemur fram í ljósriti á dómskj. 8 og 12, stafi frá stefnanda Jakob og sé yfir viðskipti aðilja, eins og þau áttu að verða endanlega. Þeir eru sammála um, að eftir sé að afgreiða: 525 x 25 tegundir ónot. á 690.00 danskar kr. hvert, eða samtals danskar kr. 3.622.50, og 1000 sett svanir 1956 á 1.790.00 danskar kr. hvert, eða samtals danskar kr. 17.900.00. 5% afsláttur skuli reiknast frá þessum fjárhæðum. Þá greinir á um, hvort 100 sett líknarmerki 1949, danskar kr. 635.00 án afsláttar, séu afgreidd eða ekki. Stefnendur halda því fram, að þau séu afgreidd. Reikningurinn er saminn af stefnanda Jakob, án þessa að stefndu séu viðstaddir. Aðiljar greinir á um, hvort viðskipti þessi átti að miða við danskar krónur á afhendingardegi merkjanna eða greiðsludegi hverrar afborgunar. Þá deila þeir einnig um önnur greiðslukjör.

Stefnendur hafa lagt fram frumrit afgreiðsluseðla yfir frímerk-in. Stefndu halda því fram, að þeir séu ritaðir með hönd stefnanda Jakobs að frátöldu því, er ritað er til hliðar um greiðslukjör á fyrra blaðið, en það hefur stefnandi undirritað á ljósrit fyrri afgreiðsluseðilsins, dómskj. 37. Þar, sem stefnandi Jakob segir þetta vel geta verið sína hönd, þykir mega leggja það til grundvallar. Þar sem afgreiðsluseðlarnir verða ekki öðruvísi ráðnir en

100 sett líknarmerki 1949 skuli koma úr safni stefnanda á Spáni, þykja þeir ekki hafa sannað afgreiðslu þeirra.

Þegar ofangreint er virt, þykir mega við það miða, að samningur hafi verið kominn á milli aðilja. Á síðari afgreiðsluseðilinn er ritað, að merkin skuli greiðast á fimm árum, vaxtalaust fyrstu þrjú árin, en það er í samræmi við staðhæfingar stefndu. Því er ómótmælt, að þetta sé ritað með hönd stefnanda Jakobs. Þykir því mega leggja til grundvallar, að þessi hafi kjörin átt að vera.

Stefndu halda því fram, og því er ekki mótmælt af stefndum, að slitnað hafi upp úr með þeim varðandi afgreiðslu merkjanna vegna deilu um, hvort samið hefði verið um greiðslu í dönskum kr. á greiðsludegi afborgana. Framburðir stefndu, Finns og Haralds, og vitnisins Reynis Ástþórssonar hníga í þá átt, að stefnandi Jakob hafi áður selt með greiðslufresti miðað við danska krónu á afhendingardegi merkjanna. Vitnið Reynir segir, að slitnað hafi upp úr samningum Jakobs og sín og Jakobs og Sigurðar Þormar vorið 1979 vegna þess, að Jakob hafi viljað miða við gengi danskrar krónu á greiðsludegi merkjanna. Stefnandi Jakob hefur hér fyrir dóminum viðurkennt að hafa a. m. k. stundum selt miðað við danskar kr. við afhendingu merkjanna. Hann hefur neitað að gefa upp, hverjir séu viðskiptamenn hans hérlendis. Stefnu höfðu áður átt við hann lánsviðskipti, þar sem miðað var við danskar kr. við afhendingu merkjanna. Þegar það, sem hér hefur verið rakið, umfang viðskiptanna og frímerkjamarkaðurinn hér á landi er virtur, þykja stefndur ekki hafa sannað, að viðskipti þessi með greiðslukjörum þeim, er stefndu halda fram og miðuð eru við gengi danskrar krónu við afhendingu merkjanna, séu óeðlileg. Ósannað þykir þannig, að bersýnilegur mismunur sé á endurgjaldi því, sem fyrir merkin átti að koma, og markaðsverði. 7. gr. laga nr. 58/1960 þykir því ekki eiga hér við. Þá er ósannað gegn staðhæfingum stefndu, að þeir hafi mátt gera sér ljósa grein fyrir heilsufari stefnanda Jakobs, eins og því er lýst af sérfræðingum og rakið er hér að framan. Þá er m. a. til þess litið, að eiginkona stefnanda Jakobs sá ekki ástæðu til að vera við samninga aðilja, enda þótt þeir ættu með sér ítrekaða fundi, sem hún vissi fullvel um. Þar sem engin krafa hefur verið gerð um efndir samningsins, eins og honum hefur hér verið lýst, verður ekki um slíka kröfu dæmt. Niðurstaða máls þessa er því sú, að sýkna ber stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, bæði aðalkröfu og varakröfu.

Rétt þykir, að hver aðilja beri kostnað sinn af máli þessu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Erni Snorrasyni sálfræðingi og Guðmundi Árnasyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Haraldur Sæmundsson og Finnur Kolbeinsson, skulu sýknir vera af kröfum stefnenda, Emilie J. Kvaran og Jakobs S. Kvaran, í máli þessu. Hver aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.

Priðjudaginn 21. desember 1982.

Nr. 90/1981. **Ólafur Andrésson og**  
**Samvinnuþryggingar g/t**  
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)  
 gegn  
**Hjördísi Þorsteinsdóttur og**  
**Steingrími S. Gunnarssyni**  
 (Árni Grétar Finnsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sýkna.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1981. Gera þeir þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefndu í málinu og stefndu verði dæmd til að greiða þeim in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa tvö vitni og áfrýjandinn Ólafur Andrésson gefið fyrir dómi skýrslur um málavexti.